

Ásahreppur
Laugaland
851 Hella

Garðabær, 11. október 2024
Málsnúmer: 202408-0043
BK

Efni: Kálfholt – Nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá Ásahreppi sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 29. ágúst 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Kálfholt. Gert er ráð fyrir að skipta upprunajörðinni upp í sex landskika, eða "búgarða", 10-13 ha að stærð. Á hverjum búgarði verður heimild til að byggja íbúðar- og útihús.

Náttúrufræðistofnun veitti [umsögn](#) um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Kálfholt þann 9. febrúar síðastliðinn.

Þar var m.a. bent á að skipulagssvæðið er lítt raskað og votlendi innan þess nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013. Helstu vistgerðir innan svæðisins hafa hátt og mjög hátt verndargildi (<https://vistgerdakort.ni.is/>) og hafa margar mikinn kolefnisforða í jarðvegi.

Þá má reikna með miklum þéttleika vaðfugla á svæðinu sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hve hátt hlutfall af Evrópustofnum þeirra nýta Ísland til varps. Víða á Suðurlandi hefur verið gengið mikið á búsvæði vaðfugla og benda talningar í landshlutanum til þess að fækkun sé að eiga sér stað hjá nokkrum tegundum og gætu umsvif mannsins átt þar hlut að máli.¹ Auk vaðfugla, gæti kjói verpt innan skipulagssvæðisins en hann er á valista flokkaður sem tegund í hættu.

Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri skilaboð um að varhugavert er að setja fordæmi fyrir búgarðabyggð sem þessari á lítt röskuðu landi sem er að stærstum hluta votlendi og stendur undir miklu fuglalífi. Með framkvæmdum sem t.d. breyta jarðvatnsstöðu eða losa um jarðveg mýra mun kolefni losna út í andrúmsloftið með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum og á tímum loftslagsbreytinga ætti skipulag byggðar að taka ríkt tillit til votlendis.

Mikilvægt er að forðast frekara rask á votlendi innan svæðisins og að leitast við að hlífa sem stærstum, samfelldum búsvæðum fugla við mannvirkjagerð og trjágróðri. Í því sambandi er bent á greinina *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla*² en allir sem koma að skipulagsmálum í dreifbýli ættu að kynna sér efni þessarar greinar. Helstu þættir sem geta stuðlað að vernd vaðfugla eru dregnir saman í töflu á næstu blaðsíðu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

¹ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

² Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Einfölduð tafla úr greininni *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla*. Þættir sem geta stuðlað að ákjósanlegri verndarstöðu íslenskra vaðfuglastofna. Tillögurnar nýta einnig mörgum öðrum hópum íslenskra fugla. Nánari útskýringar eru í megintexta greinarinnar

Landgerðir	Aðgerðir
Opið land	Vaðfuglastofnar þrífast á opnu landi af ýmsum gerðum. Mikilvægt er að hafa sem stærst svæði á láglendi með sem minnstu af mannvirkjum og hávöxnum gróðri. Samanlögð áhrif þessa loka landslaginu og valda því að vaðfuglastofnum hnignar. Skilyrði fyrir vaðfugla fylgja hóflegri sauðfjárbætur og hefðbundinn sauðfjárbúskapur er líklega víða ein af forsendum fyrir sterkum vaðfuglastofnum.
Votlendi	Vernd og endurheimt votlendis er mikilvæg þar sem við verður komið. Votlendi er mikilvægt vaðfuglum og öðru dýralífi langt út fyrir mörk sín. Víða er hægt að viðhalda tjörnum og blautum blettum, og jafnvel búa til slíkt votlendi innan um land sem er í notkun, t.d. landbúnaðarland
Fjörur	Gagnlegt er að takmarka umferð manna og gæludýra um fjörur á fartíma á vorin og á varptíma (apríl-júlí) þar sem saman fara fuglarík svæði og mikil umferð, s.s. nálægt þéttbýli og við ferðamannastaði.
Áreyrar og sandar	Hálfgrónar eyrar og sandar á nokkrum afmörkuðum svæðum á landinu, oft meðfram ám og sjó, eru búsvæði verulegs hluta af heimsstofni spóa og fjölda annarra vaðfugla. Í bráð eru þessi svæði í hættu vegna ágengra tegunda, einkum lúpínu, og í lengd vegna loftslagsbreytinga og stýringar vatnsfalla. Rík ástæða er til að vernda verðmætustu svæðin fyrir landnámi lúpínu og fleiri hávaxinna jurta. Hér má til dæmis nefna eyrar meðfram ám á Suðurlandi og sanda við Öxarfjörð og Úthérað.
Skógrækt	Skógrækt, og önnur ræktun hávaxinna plantna, er skilvirk leið til að fækka vaðfuglum og er því mikilvægt að huga að skipulagi skógræktar bæði innan jarða en ekki síður á landsmælikvarða. Við skógrækt ætti að kappkosta að planta frekar færri og stærri skógum en fleiri og minni til að lágmarka lengd skógarjaðars þar sem skógarreitir minnka þéttleika vaðfugla langt út fyrir skógarmörk. Plöntun í halla og á sem minnst grónu landi lágmarkar einnig neikvæð áhrif skógræktar á flesta vaðfugla. Mest er af vaðfuglum á frjósömum og grónum láglendissvæðum og á slíkum svæðum hefur skógrækt mest áhrif á vaðfugla.
Landbúnaðarland	Landbúnaðarland er hagnafelt sumum tegundum vaðfugla en mikilvægi þess virðist fara nokkuð eftir því hvað er í næsta umhverfi. Mikilvægt er að hlífa úthaganum í grennd við landbúnað sem mest fyrir öðru raski en hóflegri beit. Órækt í kringum ræktað land, s.s. breiðir óslegnir kantar í kringum spildur, gagnast sem hreiðurstæði. Mikilvægt er að viðhalda tjörnum og votlendi í kringum landbúnaðarland. Líklegra er að ungar sleppi þegar tún eru slegin innan frá og út en öfugt.
Mólendi	Mólendi er enn víðáttumikið og stendur undir stórum stofnum vaðfugla á landsmælikvarða. Mólendi á láglendi og lágheiðum er mikilvægast. Suðurland er mikilvægasta landsvæðið fyrir vaðfugla en þar hefur mólendi verið skert mikið, einkum með frístundabyggð og skógrækt. Mikilvægt er að hlífa stærstu svæðunum sem eftir standa fyrir mannvirkjum og ræktun. Þar eru Lyngdalsheiði og Mosfellsheiði í sérflokki sökum stærðar.
Mannvirki	Vaðfuglar forðast háreist mannvirki, s.s. byggingar og vindmyllur, rétt eins og hávaxinn gróður og vegi. Best er að áhrifsvæði slíkra umsvifa skarist sem mest til þess að þau hafi áhrif á sem minnst flatarmál af búsvæðum vaðfugla á opnu landi. Mörk um fjarlægð milli vatns og mannvirkja (50 m) í skipulagsreglugerð eru of knöpp til að tryggja sjálfsagða fuglavernd.



Virðingarfyllst,
Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

